



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hljóðvist (US210130).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. maí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hversu margir hafa sótt um og hversu margir hafa fengið styrk til glerskipta í eigin húsnæði til að bæta hljóðvist á ári hverju frá árinu 2014?

Hversu mikið hefur verið greitt í styrki til glerskipta á ári hverju frá árinu 2014?

Hvernig dreifast umsóknir og styrkveitingar vegna glerskipta á götur?

Hver er hæsta fjárhæð vegna styrks sem hefur verið veittur vegna glerskipta og hvert er meðaltal fjárhæða styrkja?

Hver er kostnaður Reykjavíkur á ári hverju frá árinu 2014 við að meta hvort umsækjendur uppfylla kröfur til styrkveitingar og við að meta hljóðstyrk og veita ráðgjöf vegna hljóðvistar?

Er eitthvað sem kemur í veg fyrir það að sami einstaklingur hljóti fjölda styrkja vegna þess að viðkomandi á fleiri en eina íbúð?

Er skilyrði að einstaklingur búi í því húsi þar sem sótt er um styrk?

Er eitthvað horft til efnahagsstöðu umsækjanda við mat á styrkhæfni hans?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 26. maí sl.

Svar við fyrirspurn:

1. Hversu margir hafa sótt um og hversu margir hafa fengið styrk til glerskipta í eigin húsnæði til að bæta hljóðvist á ári hverju frá árinu 2014?

Frá mars 2014 hafa borist 487 umsóknir um styrki vegna glerskipta í gegnum *Rafræna Reykjavík*. Af þeim umsóknum hafa 146 hlotið styrk en fjöldi þeirra dreifist svo milli ára:



Ár	Fjöldi samninga
2021	3
2020	25
2019	32
2018	30
2017	21
2016	22
2015	3
2014	10

2. Hversu mikið hefur verið greitt í styrki til glerskipta á ári hverju frá árinu 2014?

Heildarfjárhæðir styrkja, að meðtöldum ráðgjafarkostnaði, eru eftirfarandi:

Ár	Heildarfjárhæð
2021	1.672.000 kr.
2020	14.442.000 kr.
2019	14.815.000 kr.
2018	14.716.877 kr.
2017	9.962.436 kr.
2016	14.887.000 kr.
2015	5.249.000 kr.
2014	6.730.248 kr.

3. Hvernig dreifast umsóknir og styrkveitingar vegna glerskipta á götur?

Eftirfarandi listi er samantekt yfir þær umsóknir sem hlotið hafa vilyrði fyrir styrkveitingu á tímabilinu 2014 – 2021, þ.e. umsóknir sem hlotið hafa samþykki Reykjavíkurborgar. Vilyrði fyrir styrk gilda í tvö ár en ekki er algilt að umsækjendur nýti vilyrðið innan þess tímaramma.

Styrkir hafa verið veittir allt frá árinu 1997 og því er ekki um tæmandi lista að ræða, heldur upplýsingar úr núverandi umsóknarkerfi. Því er mögulegt að ýmsar götur nái ekki inn á þennan lista þrátt fyrir að hafa fengið samþykki fyrir árið 2014.

Gata	Fjöldi	Gata	Fjöldi
Hringbraut	42	Bröndukvísl	2
Bólstaðarhlíð	33	Dalbraut	2
Snorrabraut	31	Framnesvegur	2
Stigahlíð	30	Gunnarsbraut	2



Langahlíð	18	Hofsvallagata	2
Miklabraut	14	Safamýri	2
Álftamýri	9	Tjarnargata	2
Briertartún	8	Vegghamrar	2
Skipholt	8	Akurgerði	1
Kleppsvegur	7	Ásvallagata	1
Víðimelur	7	Barðavogur	1
Hverfisgata	6	Bústaðavegur	1
Álakvísl	5	Fannafold	1
Hvassaleiti	5	Funafold	1
Skaftahlíð	5	Kambsvegur	1
Fellsmúli	3	Langholtsvegur	1
Laugavegur	3	Miklabraut.	1
Skeljagrandi	3	Njálsgata	1
Sólvallagata	3	Snekkjuvogur	1
Suðurgata	3	Suðurhlíð	1

4. Hver er hæsta fjárhæð vegna styrks sem hefur verið veittur vegna glerskipta og hvert er meðaltal fjárhæða styrkja?

Hæsta fjárhæð styrks til eins umsækjanda sem greidd hefur verið út er 3.008.000 kr.

Meðalfjárhæð styrkja á hverju ári skiptist svo:

Ár	Meðalfjárhæð styrks
2021	557.333 kr.
2020	577.680 kr.
2019	462.969 kr.
2018	490.563 kr.
2017	474.402 kr.
2016	676.682 kr.
2015	917.271 kr.
2014	519.305 kr.

Fjárhæð styrks ræðst af flatarmáli glers sem skipta þarf út. Sérbyli eru almennt með styrkt um hærri fjárhæðir en íbúðir í fjölbýli vegna stærra flatarmáls á gluggarými. Alla jafna eru hæstu styrkirnir til umsækjenda sem eiga fleiri en eina íbúð eða hæð í sama húsi.



5. Hver er kostnaður Reykjavíkur á ári hverju frá árinu 2014 við að meta hvort umsækjendur uppfylla kröfur til styrkveitingar og við að meta hljóðstyrk og veita ráðgjöf vegna hljóðvistar?

Einn starfsmaður á skrifstofunni hefur umsjón með afgreiðslu umsókna um hljóðvistarstyrki. Að meðaltali fara um 15 – 20 vinnustundir starfsmannsins á mánuði í umsjón með styrkjunum.

Heildarkostnaður á ári vegna starfa ráðgjafa, þ.e. mat á aðstæðum og tillögugerð um úrbætur sem uppfylla skilyrði fyrir útborgun áætlaðrar styrkfjárhæðar, er eftirfarandi:

Ár	Ráðgjafakostnaður
2021	875.400 kr.
2020	3.737.700 kr.
2019	2.471.100 kr.
2018	3.501.313 kr.
2017	2.874.294 kr.
2016	2.262.624 kr.
2015	2.415.000 kr.
2014	1.601.248 kr.

6. Er eitthvað sem kemur í veg fyrir það að sami einstaklingur hljóti fjölda styrkja vegna þess að viðkomandi á fleiri en eina íbúð?

Nei, styrkir eru greiddir til þinglýstra eigenda íbúða, óháð því hvort sami eigandi eigi fleiri en eina fasteign samkvæmt fasteignaskrá. Umsækjandi getur því fengið styrk fyrir fleiri en einni íbúð í sama húsi.

Eingöngu er veittur styrkur í eitt skipti fyrir hverja íbúð. Nýjir eigendur íbúða geta því ekki sótt um styrk að nýju fyrir íbúð sem hefur áður hlotið styrk. Slíkum umsóknum fer nú fjölgandi þar sem um 24 ár eru síðan styrkir voru fyrst greiddir.

7. Er skilyrði að einstaklingur búi í því húsi þar sem sótt er um styrk?

Nei, ekki er gerð krafa um að umsækjandi búi í þeirri íbúð sem sótt er um styrk vegna, að því gefnu að umsækjandi sé þinglýstur eigandi íbúðarinnar. Í umsókn er óskað annars vegar óskað eftir upplýsingum um umsækjanda og hins vegar eftir upplýsingum um íbúa, sé hann annar en umsækjandi.

Krafa er gerð um að húsnæðið sé skilgreint sem íbúðarhúsnæði en ekki atvinnuhúsnæði.



8. Er eitthvað horft til efnahagsstöðu umsækjanda við mat á styrkhæfni hans?

Nei, allir umsækjendur sem uppfylla skilyrði til styrkveitingar samkvæmt úthlutunarreglum, hljóta sömu afgreiðslu óháð efnahag og stöðu. Skilyrði til styrkveitingar er að íbúðarhúsnæði sé staðsett þannig, að áætlað hljóðstig utan við glugga nái að lágmarki 65 dB(A) L_{eq24} jafngildishávaðastigi yfir sólarhringinn.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri